# Aðalfundur 2026

25. mars 2026

Hótel Reykjavík Grand

# Dagskrá

1. Kosinn fundarstjóri
2. Kosinn ritari
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins undanfarið starfsár
4. Reikningar félagsins fyrir árið 2025 lagðir fram til samþykktar
5. Samþykkt framlag í VR varasjóð
6. Lagabreytingar
7. Reglugerðarbreytingar – VR varasjóður
8. Reglugerðarbreytingar – Sjúkrasjóður VR
9. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs
10. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna
11. Ákvörðun félagsgjalds
12. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og skoðunarmanna
13. Önnur mál

# Gullmerki VR 2026

# Skýrsla stjórnar VR starfsárið 2025–2026

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR

VR

# Umræða um skýrslu stjórnar

# Ársreikningur VR árið 2025

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR

VR

# Sameining við Leiðsögn

- Þann 30. apríl 2025 sameinaðist VR Leiðsögn - félagi leiðsögumanna og Sjúkra-/orlofsheimilasjóði félags leiðsögumanna.
- Rekstur Leiðsagnar á árinu er að fullu inni í ársreikningi 2025, en samanburðarfjárhæðir ársins 2024 innihalda eingöngu rekstur og efnahag VR.
- Þetta hefur óveruleg áhrif á ársreikninginn.

# Rekstur ársins í m.kr.

| | 2025 | 2024 | Breyting m.kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Iðgjöld | 6.466 | 6.124 | 342 | 5,6% |
| Leigutekjur orlofssjóðs | 149 | 133 | 16 | 12,0% |
| Söluhagnaður orlofseigna | 109 | 0 | 109 | |
| Aðrar tekjur | 243 | 232 | 11 | 4,7% |
| **Samals tekjur** | **6.967** | **6.489** | **478** | **7,4%** |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Iðgjöld og skattar | 529 | 493 | 36 | 7,3% |
| Greiddar bætur sjúkrasjóðs | 3.072 | 2.772 | 300 | 10,8% |
| Varasjóður, breyting inneignar á árinu | 1.131 | 1.124 | 7 | 0,6% |
| Rekstur orlofssjóðs og önnur orlofsþjónusta | 325 | 334 | -9 | -2,7% |
| Útbreiðslu- og félagsmál | 267 | 268 | -1 | -0,4% |
| Stjórnunar- og húsnæðiskostnaður | 1.476 | 1.414 | 62 | 4,4% |
| Afskriftir | 168 | 141 | 27 | 19,1% |
| **Samtals gjöld** | **6.968** | **6.546** | **422** | **6,4%** |
| **Afkoma án fjármagnsliða** | **-1** | **-57** | **56** | |
| **Fjármagnsliðir** | **1.077** | **936** | **141** | |
| **Matsbreyting dótturfélag - Blær** | **261** | **0** | **36** | |
| **Rekstrarafkoma ársins** | **1.337** | **879** | **233** | |

## Ársreikningur 2025 er fulláritaður af PWC

- Rekstrartekjur hækkuðu um 478 m.kr.
    - Þar af söluhagnaður 109 m.kr.
- Rekstrargjöld hækkuðu um 422 m.kr.
- Jákvæð breyting í fjármagnstekjum um 141 m.kr.
- Matsbreyting vegna Blævar 261 m.kr.
- Heildarafkoma ársins jákvæð um 1.337 m.kr.
- Án matsbreytingar og söluhagnaðar væri afkoma 967 m.kr. eða sem nemur 88 m.kr. betri afkoma en 2024.

VR

# Rekstrartekjur í m.kr.

| | 2025 | 2024 | Breyting m.kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Iðgjöld | 6.466 | 6.124 | 342 | 5,6% |
| Leigutekjur orlofssjóðs | 149 | 133 | 16 | 12,0% |
| Söluhagnaður orlofseigna | 109 | 0 | 109 | |
| Aðrar tekjur | 243 | 232 | 11 | 4,7% |
| **Samals tekjur** | **6.967** | **6.489** | **478** | **7,4%** |

**Hækkun rekstrartekna um 7,4%, án söluhagnaðar 5,7%**

- Iðgjaldatekjur hækkuðu um 5,6%.
- Leigutekjur orlofssjóðs hækka um 12% vegna hækkunar á gjaldskrá og nýrra eigna.
- Söluhagnaður orlofseigna er vegna sölu á þremur eignum á Akureyri og Vestmannaeyjum.
- Aðrar tekjur eru mest þjónustutekjur vegna VIRK og starfsmenntasjóða.

# Rekstrargjöld í m.kr.

| | 2025 | 2024 | Breyting m.kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Iðgjöld og skattar | 529 | 493 | 36 | 7,3% |
| Greiddar bætur sjúkrasjóðs | 3.072 | 2.772 | 300 | 10,8% |
| Varasjóður, breyting inneignar á árinu | 1.131 | 1.124 | 7 | 0,6% |
| Rekstur orlofssjóðs og önnur orlofsþjónusta | 325 | 334 | -9 | -2,7% |
| Útbreiðslu- og félagsmál | 267 | 268 | -1 | -0,4% |
| Stjórnunar- og húsnæðiskostnaður | 1.476 | 1.414 | 62 | 4,4% |
| Afskriftir | 168 | 141 | 27 | 19,1% |
| **Samtals gjöld** | **6.968** | **6.546** | **422** | **6,4%** |

## Hækkun rekstrargjalda um 6,4%

- Dagpeningar og styrkir sjúkrasjóðs hafa hækkað um 10,8% á sama tíma og iðgjöld hafa aukist um 5,6%.
- Aðrar breytingar eru ekki verulegar.

# Fjármagnsliðir




## Raunávöxtun verðbréfasafna batnar

- Raunávöxtun batnar um 0,9% milli ára af verðbréfasafni.
- Blævar verkefnið bætir raunávöxtun um 1,2%.
- Fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,4%, en raunávöxtun neikvæð um 0,4% á sama tíma.

# Niðurstaða rekstrar í m.kr.




## Afkoma batnar milli ára

- Afkoma án fjármagnsliða var neikvæð um 1,5 m.kr. á árinu 2025 og neikvæð að teknu tilliti til söluhagnaðar orlofseigna um 110 m.kr.
- Afkoma jákvæð með fjármagnsliðum um 1,3 ma.kr.

# Eignir í árslok í m.kr.




## Eignir hækka

- Eignir hafa aukist um 5,7 ma.kr. á sjö árum eða sem nemur 39% hækkun.
- Verðbréfaeign var 13,9 ma.kr. í árslok 2025
- Eign og lán til VR blævar 2,1 ma.kr.

# Verðbréfasöfn og fjárfestingastefna

| | Stefna | Lágmark | Hámark | Lok árs 2024 | Lok árs 2025 |
|---|---|---|---|---|---|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 1% | 0% | 30% | 2% | 5% |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 77% | 53% | 100% | 62% | 63% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 1% | 0% | 7% | 5% | 3% |
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja | 0% | 0% | 4% | 4% | 2% |
| Sértryggð skuldabréf | 5% | 0% | 12% | 5% | 9% |
| Fasteignatryggð skuldabréf | 0% | 0% | 5% | 2% | 0% |
| Innlend hlutabréf | 2% | 0% | 7% | 4% | 4% |
| Erlend hlutabréf | 5% | 0% | 10% | 8% | 6% |
| Erlend skuldabréf | 3% | 0% | 9% | 3% | 4% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 5% | 0% | 14% | 3% | 3% |
| Aðrar fjárfestingar | 1% | 0% | 7% | 3% | 1% |

## Breytingar

- Innlán aukast á ný og sértryggð skuldabréf.
- Fjármögnun Blævar er ekki inni í þessu hlutföllum.

VR

# Eigið fé og skuldir

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 13.701 | 14.536 | 13.389 | 13.330 | 14.258 | 15.137 | 16.636 |
| **Skuldir** | | | | | | | |
| Skattskuldbinding | 412 | 541 | 489 | 300 | 261 | 326 | 281 |
| Reiknuð skuldbinding varasjóðs | | | 2.306 | 2.136 | 2.276 | 2.508 | 2.714 |
| Aðrar skuldir | 266 | 222 | 319 | 310 | 337 | 401 | 406 |
| | 678 | 763 | 3.114 | 2.746 | 2.874 | 3.235 | 3.401 |
| Eignfjárhlutfall | 95% | 95% | 81% | 83% | 83% | 82% | 83% |

**Breyting á skuldbindingu vegna VR varasjóðs á árinu 2021 – áður fært sem eigið fé.**

# Sjóðir VR

# Rekstur sjóða í m.kr.

| | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vara-sjóður | Vinnud. sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Iðgjöld | 2.215 | 3.271 | 813 | | 168 | 6.467 |
| Varasjóður | -257 | -395 | -266 | 918 | | 0 |
| Tekjur af orlofsþjónustu | | | 149 | | | 149 |
| Söluhagnaður orlofseigna | | | 108 | | | 108 |
| Aðrar tekjur | 242 | | 1 | | | 243 |
| **Samtals rekstrartekjur** | **2.200** | **2.876** | **805** | **918** | **168** | **6.967** |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld og skattar | 529 | | | | | 529 |
| Bætur og styrkir | | 3.072 | | 1.130 | | 4.202 |
| Rekstur orlofssjóðs | | | 324 | | | 324 |
| Útbreiðslu- og félagsmál | 254 | 7 | 6 | 1 | 1 | 269 |
| Stjórnunar- og húsnæðiskostnaður | 1.087 | 174 | 169 | 34 | 12 | 1.476 |
| Afskriftir | 58 | | 110 | | | 168 |
| **Samtals rekstrargjöld** | **1.928** | **3.253** | **609** | **1.165** | **13** | **6.968** |
| **Afkoma án fjármagnsliða** | **272** | **-377** | **196** | **-247** | **155** | **-1** |
| **Fjármagnsliðir** | 98 | 253 | 5 | 212 | 508 | 1.076 |
| **Matsbreyting dótturfélags - Blær** | 261 | | | | | 261 |
| **Afkoma ársins** | **631** | **-124** | **201** | **-35** | **663** | **1.336** |

# Sjúkrasjóður – ráðstöfun í m.kr.

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld ársins | 2.084 | 1.966 | 2.153 | 2.533 | 2.924 | 3.107 | 3.270 | 18.037 |
| Lagt í Varasjóð | 93 | 94 | -24 | -334 | -647 | -523 | -395 | -1.736 |
| Bætur og styrkir | -2.010 | -1.841 | -1.626 | -2.039 | -2.437 | -2.772 | -3.072 | -15.797 |
| Annar kostnaður | -146 | -142 | -176 | -148 | -165 | -177 | -180 | -1.134 |
| **Afkoma án fjármangsliða** | **21** | **77** | **327** | **12** | **-325** | **-365** | **-377** | **-630** |
| Fjármagnsliðir | 293 | 207 | 179 | -123 | 169 | 252 | 253 | 1.230 |
| **Afkoma ársins** | **314** | **284** | **506** | **-111** | **-156** | **-113** | **-124** | **600** |
| **Afkoma án fjármagnsliða og Varasjóðs** | **-72** | **-17** | **351** | **346** | **322** | **158** | **18** | **1.106** |

## Afkoman

- Síðustu fjögur ár neikvæð afkoma.
- Samtals neikvæð afkoma á síðustu fjórum árum samtals 504 m.kr. og án fjármagnsliða 1.079 m.kr.

# Sjúkrasjóður – hlutfall sjúkradagpeninga




### Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum hækkar enn

- Hefur hækkað fjögur ár í röð.
- Komið í nánast sama hlutfall og árið 2019 þrátt fyrir styttingu bótatímabils sjúkradagpeninga úr níu mánuðum í sjö.

# Orlofssjóður – ráðstöfun í m.kr.

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld ársins | 504 | 482 | 533 | 628 | 726 | 773 | 813 | 4.459 |
| Leigutekjur | 91 | 98 | 112 | 118 | 131 | 133 | 150 | 833 |
| Söluhagnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 109 | 109 |
| Lagt í Varasjóð | 29 | -191 | -177 | -178 | -228 | -264 | -265 | -1.274 |
| Rekstur orlofshúsa | -170 | -168 | -183 | -224 | -228 | -267 | -249 | -1.489 |
| Niðurgreiðslur | -33 | -19 | -28 | -38 | -64 | -67 | -76 | -325 |
| Annar kostnaður | -128 | -140 | -147 | -150 | -164 | -178 | -176 | -1.083 |
| Afskriftir | -61 | -73 | -77 | -88 | -91 | -96 | -110 | -596 |
| Fjármagnsliðir | 54 | 27 | 33 | 5 | 4 | 4 | 5 | 132 |
| **Afkoma ársins** | **286** | **16** | **66** | **73** | **86** | **38** | **201** | **766** |
| **Afkoma án afskrifta** | **347** | **89** | **143** | **161** | **177** | **134** | **311** | **1.362** |
| **Afkoma án afskrifta og Varasjóðs** | **318** | **280** | **320** | **339** | **405** | **398** | **576** | **2.636** |

# Orlofshúsin – notkun







## Framboð aukist

- Minni nýting og færri gistinætur stafa af lokunum á orlofssvæðum í Miðhúsum og Ölfusborgum vegna endurnýjunar á stofnlögnum.
- Nýting húsanna er almennt mjög góð.

# Varasjóður – útgreiðslur í m.kr.




## Breytingar

- Örlítil hækkun á milli ára.
- Útgreiðslur síðustu sjö ára hafa verið um 5,3 ma.kr.

# VR Blær leigufélag hf. – upphaf starfsemi

- VR Blær leigufélag hf. lauk uppbyggingu 34 leiguíbúða á árinu og hóf útleigu íbúðanna  í febrúar 2025.
- VR hefur lagt VR Blæ til fjármagn:
  - Hlutafé samtals að fjárhæð 570 m.kr.
  - Langtímakröfu að fjárhæð 1.274 m.kr. í árslok.
  - Samtals 1.844 m.kr. í árslok 2025.
- VR Blær leigufélag hf. er tekið inn í ársreikninginn sem dótturfélag VR.
  - Þetta þýðir að eignarhlutur í VR Blæ er nú bókaður á matsverði félagsins og nemur hækkun ársins 261 m.kr.

# VR Blær leigufélag hf. – markmið

- Leiguíbúðir fyrir félagsfólk
  - Sanngjörn leiga.
  - Leiga ræðst af fjárfestingu og rekstri fasteignar.
  - Ótímabundnir leigusamningar.
  - Húsnæðisöryggi.
- Fjárfesting fyrir VR
  - Ávöxtun ræðst af hækkun á fasteignaverði.
  - Áhætta og ávöxtun VR ræðst af þróunn á fasteignaverði.
  - Sögulega hefur fasteignaverð hækkað 4,08% að raunvirði á síðustu 29 árum.
- Nýta reynslu Bjargs íbúðafélags
  - Lágmarka framkvæmdaáhættu.
  - Reynsla við rekstur á leiguíbúðum.

# Kostnaður við byggingu leiguíbúða

34 íbúðir, 2.567 $m^2$, byggingakostnaður samtals 1.786 m.kr.

| | Kostnaður | Kostnaður á $m^2$ | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Byggingakostnaður | 1.408.510.207 | 548.742 | 78,8% |
| Hönnun og eftirlit | 101.646.506 | 39.600 | 5,7% |
| Lóð og opinber gjöld | 207.672.067 | 80.907 | 11,6% |
| Fjármagnskostnaður | 68.799.016 | 26.803 | 3,9% |
| Samtals | 1.786.627.796 | 696.053 | 100% |

Markaðsverð er í dag um 2.100 m.kr. eða um 828 þús per $m^2$.

VR

# Tillaga að framlagi í VR varasjóð árið 2026

| | **Tillaga fyrir aðalfund 2026** | Árið 2025 |
|---|---|---|
| Félagssjóður | 450 m.kr. | 300 m.kr. |
| Sjúkrasjóður | 350 m.kr. | 450 m.kr. |
| Orlofssjóður | 300 m.kr. | 300 m.kr. |
| **Samtals** | **1.100 m.kr.** | **1.050 m.kr.** |

# Fjöldi félagsfólks




## Fjölgun félagsfólks

- Félagsfólki fjölgaði á árinu um 45 eða sem nemur 0,1%, en fullgildum um 5,8%.
- Félagsfólki hefur fjölgað á síðustu sjö árum um 11% eða um 4 þúsund félaga.

# Umræða um ársreikning 2025

# Tillögur stjórnar að breytingum á lögum

# Tillögur að lagabreytingum – yfirlit

- Lagðar eru til breytingar á orðalagi um kynjafléttu í kosningum til stjórnar til að endurspegla að skráð kyn eru fleiri en tvö.
- Þá er einnig lagt til að ekki verði stuðst við kynjafléttu þegar kemur að varamönnum í stjórn.
- Og að lokum er lagt til að varamönnum verið fjölgað úr þremur í fjóra í ljósi lengingar kjörtímabils aðalmanna úr tveimur árum í fjögur og varamanna úr einu ári í tvö.

# Tillaga #1

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Núverandi hljóðan:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. ...

**Verður:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í aðalstjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af ~~hinu kyninu o.s.frv.~~ öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. ...

# Tillaga #2

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Núverandi hljóðan:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. ...

**Verður:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu. ~~o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna~~. Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. ...

# Tillaga #3

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Núverandi hljóðan:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

**Verður:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. ~~og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára~~. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

VR

# Greinin með breytingum

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Núverandi hljóðan:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

**Verður:**

**Við kosningu til stjórnar:**
Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í aðalstjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

# Tillaga #4

## 10. gr. Stjórn

**Núverandi hljóðan:**

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. ...

**Verður:**

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og ~~þrír~~ fjórir til vara. ...

# Tillaga #5

## 21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar

**Núverandi hljóðan:**

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

**Verður:**

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og ~~þrír~~ fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

# Kosning
# Lagabreytingar

# Kosning um tillögu #1

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Við kosningu til stjórnar:**

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í aðalstjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af ~~hinu kyninu o.s.frv.~~ öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. ...

VR

# Kosning um tillögu #2

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Við kosningu til stjórnar:**

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu. ~~o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna~~. Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. ...

# Kosning um tillögu #3

## 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

**Við kosningu til stjórnar:**

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. ~~og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára~~. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

# Kosning um tillögu #4

## 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og ~~þrír~~ fjórir til vara. ...

# Kosning um tillögu #5

## 21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og ~~þrír~~ fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

# Tillögur stjórnar að breytingum á reglugerð VR varasjóðs

VR

# Tillaga #1

## 2. gr. Verkefni

**Núverandi hljóðan:**

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

# Tillaga #1

## 2. gr. Verkefni

**Verður:**

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. Heimilt er að nýta varasjóð í þágu barna félagsfólks. Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- kaupa á æfingagjöldum, endurhæfingar- sálfræði- og læknis- og tannlækningaþjónustu barna
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

VR

# Tillaga #2

## 2. gr. Verkefni

Hér er lagt til að bæta við setningu fyrir neðan listann yfir mögulega nýtingu inneignar hér að framan um lágmarksfjárhæð styrkja sem hér segir:

Lágmarksfjárhæð styrkumsóknar er 1 þúsund krónur.

# Tillaga #3

## 3. gr. Tekjur og réttindaávinnsla

**Núverandi hljóðan:**

3.3. Félagsfólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.

**Verður:**

~~3.3. Félagsfólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.~~

3.3. Félagsfólk hefur aðgang að inneign og hreyfingum í VR varasjóði á Mínum síðum á vr.is. Félagsfólk sem hættir í félaginu fær sent bréf þar sem það er minnt á inneign í VR varasjóði og hversu langan tíma það hefur til að nýta inneign sína í sjóðnum.

# Kosning
# Breytingar á reglugerð VR varasjóðs

# Kosning um tillögu #1

## 2. gr. Verkefni

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. Heimilt er að nýta varasjóð í þágu barna félagsfólks. Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- kaupa á æfingagjöldum, endurhæfingar- sálfræði- og læknis- og tannlækningaþjónustu barna
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

# Kosning um tillögu #2

## 2. gr. Verkefni

Hér er lagt til að bæta við setningu fyrir neðan listann yfir mögulega nýtingu inneignar hér að framan um lágmarksfjárhæð styrkja sem hér segir:

Lágmarksfjárhæð styrkumsóknar er 1 þúsund krónur.

# Kosning um tillögu #3

## 3. gr. Tekjur og réttindaávinnsla

~~3.3. Félagsfólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.~~

3.3. Félagsfólk hefur aðgang að inneign og hreyfingum í VR varasjóði á Mínum síðum á vr.is. Félagsfólk sem hættir í félaginu fær sent bréf þar sem það er minnt á inneign í VR varasjóði og hversu langan tíma það hefur til að nýta inneign sína í sjóðnum.

VR

# Tillögur stjórnar að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

# Staða Sjúkrasjóðs VR

- Sjúkrasjóður VR hefur verið rekinn með halla síðustu fjögur ár. Afkoma sjóðsins árið 2025 var neikvæð um 124 m.kr.
- Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins sýnir að hann er ekki sjálfbær og nauðsynlegt er að grípa til aðhaldsaðgerða til að tryggja rekstrargrundvöll hans.
- Aukin veikindi síðustu ár hafa lagst þungt á sjóðinn, 99% af iðgjöldum í sjóðinn fer í dagpeninga, dánarbætur og rekstur.
- Sjúkrasjóður hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að bregðast við væntum útgjöldum, leggja til framlag í VR varasjóð eða byggja upp sjóð fyrir skuldbindingum framtíðar.

# Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum



# Tillögur að breytingum á Sjúkrasjóði VR – yfirlit

- Tímabil dagpeninga verði stytt, úr sjö mánuðum í sex að hámarki. Réttur til dagpeninga verði tvískiptur, að fjórum mánuðum liðnum verði hægt að sækja um allt að tvo mánuði til viðbótar.
- Dagpeningar frá VR nemi 80% af launum, að teknu tilliti til dagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands.
- Dagpeningar atvinnuleitenda verði skilyrtir greiðslu iðgjalds í Sjúkrasjóð.
- Hafni umsækjandi um sjúkradagpeninga raunhæfri endurhæfingu, verði sjóðnum heimilt að fella niður frekari greiðslur.
- Gerðar verði breytingar á dánarbótum eldra félagsfólks sem falli niður tveimur árum eftir að viðkomandi verður eldri félagi.
- Tekinn verði upp fæðingarstyrkur.

# Tillögur – fjárhagsleg breyting

| | |
|---|---|
| Tillit tekið til dagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands | 299 m.kr. |
| Tvískiptur réttur –fjórir mánuðir að lágmarki en hægt að sækja um tvo mánuði til viðbótar | 159 m.kr. |
| Hámarksréttur verður sex mánuðir í stað sjö áður | 149 m.kr. |
| Réttindi atvinnuleitenda miðist við greitt iðgjald í Sjúkrasjóð VR | 67 m.kr. |
| Réttur til dánarbóta eldri félaga felldar niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi | 31 m.kr. |
| Alls | 705 m.kr. |

# Tillaga #1

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

**Núverandi hljóðan:**

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

**Verður:**

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

VR

# Tillaga #2

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

**Núverandi hljóðan:**

9.4 a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysisskrá.

**Verður:**

9.4 a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af ~~atvinnuleysisbótum eða~~ fæðingar-orlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir ~~misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða~~ hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim ~~atvinnuleitendum~~ sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. ~~skráningu á atvinnuleysisskrá.~~

VR

# Tillaga #3

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

**Núverandi hljóðan:**

9.4 b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

**Verður:**

9.4 b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum.

# Tillaga #4

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

**Lagt er til að ákvæðið verði fellt út úr greininni:**

~~9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.~~

# Tillaga #5

**Núverandi hljóðan:**

**10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar**

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeningar ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. ...

**Verður:**

**10. gr. ~~Sjúkra- og slysad~~Dagpeningar**

Sjúkrasjóðurinn ~~skal að~~ greiðira ~~sjúkra- og slysa~~dagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. ~~og skulu þeir vera 80% af meðallaunum.~~ Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til ~~félags- og~~ Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. ...

# Tillaga #6

## 10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

**Núverandi hljóðan:**

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

# Tillaga #6

## 10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

**Verður:**

Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.

~~Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.~~

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

# Tillaga #7

## 11. gr. Dánarbætur

**Núverandi hljóðan:**

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

**Verður:**

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna andláts félagsfólks sem uppfyllir skilyrði sem eldri félagar skv. lögum VR. Réttur til dánarbóta fellur niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

# Tillaga #8

## ~~12. gr. Slysabætur {Felld út á aðalfundi VR 2022} Sjá eldri reglugerð hér~~

Lagt er til að vísan í 12. gr. verði felld út en greinin sjálf var felld út á aðalfundi 2022. Verði greinin felld út, uppfærast númer á greinum sem á eftir koma.

# Tillaga #9

## 17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

**Núverandi hljóðan:**

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

VR

# Tillaga #9

## 17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

**Verður**:

**1~~67~~. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti**

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir.~~ Réttur til ~~bóta samkvæmt framansögðu~~ dagpeninga og annarra bóta er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að aflað sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

# Tillaga #10

## Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar um heimild til að synja umsókn/greiðslu um sjúkradagpeninga skulu þau ákvæði ekki taka gildi fyrr en gerð hefur verið breyting á lögum ASÍ sem heimilar samsvarandi ráðstöfun.

Breytingar á gr. 9 og gr. 10 taka gildi 1. maí 2026.

# Kosning
# Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

# Kosning um tillögu #1

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

# Kosning um tillögu #2

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.4 a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af ~~atvinnuleysisbótum eða~~ fæðingar-orlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir ~~misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða~~ hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim ~~atvinnuleitendum~~ sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. ~~skráningu á atvinnuleysisskrá.~~

# Kosning um tillögu #3

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.4 b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum.

# Kosning um tillögu #4

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

**Lagt er til að ákvæðið verði fellt út úr greininni:**

~~9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.~~

# Kosning um tillögu #5

**10. gr. ~~Sjúkra- og slysad~~Dagpeningar**

Sjúkrasjóðurinn ~~skal að~~ greiðir~~a~~ ~~sjúkra- og slysa~~dagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. ~~og skulu þeir vera 80% af meðallaunum.~~ Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til ~~félags- og~~ Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. ...

VR

# Kosning um tillögu #6

## 10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.

~~Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.~~

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

# Kosning um tillögu #7

## 11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna andláts félagsfólks sem uppfyllir skilyrði sem eldri félagar skv. lögum VR. Réttur til dánarbóta fellur niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

VR

# Kosning um tillögu #8

~~12. gr. Slysabætur {Felld út á aðalfundi VR 2022} Sjá eldri reglugerð hér~~

Lagt er til að vísan í 12. gr. verði felld út en greinin sjálf var felld út á aðalfundi 2022. Verði greinin felld út, uppfærast númer á greinum sem á eftir koma.

# Kosning um tillögu #9

## 17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Verður:

**1~~7~~6. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti**

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir.~~ Réttur til ~~bóta samkvæmt framansögðu~~ dagpeninga og annarra bóta er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að aflað sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

VR

# Kosning um tillögu #10

## Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar um heimild til að synja umsókn/greiðslu um sjúkradagpeninga skulu þau ákvæði ekki taka gildi fyrr en gerð hefur verið breyting á lögum ASÍ sem heimilar samsvarandi ráðstöfun.

Breytingar á gr. 9 og gr. 10 taka gildi 1. maí 2026.

# Tillaga að framlagi í VR varasjóð 2026

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 1.100 m.kr. fyrir árið 2025.

Úr félagssjóði koma 450 m.kr., Sjúkrasjóði VR 350 m.kr. og Orlofssjóði VR 300 m.kr.

Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsfólks sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2026.“

# Lýst kjöri stjórnar 2026–2027

Sjö stjórnarmenn – til eins árs, skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.


Júlíana Einarsdóttir


Jónas Yngvi Ásgrímsson


Sigríður Lovísa Jónsdóttir


Gabríel Benjamin


Birgitta Ragnarsdóttir


Bjarni Þór Sigurðsson


Paula A. Sánchez

# Lýst kjöri trúnaðarráðs 2026–2027

Agnes Marinósdóttir
Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir
Anna Bryndís Hendriksdóttir
Arman Ahmadizad
Ágúst Guðbjörn Valsson
Benedikt Ragnarsson
Birna Aronsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Bríet Ósk Guðrúnardóttir
Bryndís Guðnadóttir
Brynjar Freyr Ragnarsson
Cale Galbraith
Christopher John Eva
Dominika Soperczak
Edda Kentish
Edda Svandís Einarsdóttir
Elín Sigríður Hallgrímsdóttir
Guðlaug Marín Gunnarsdóttir
Gunnar Steinn Þórsson
Helen Renée Rasanen
Helga Bryndís Jónsdóttir
Ingibjörg V. Jósefsdóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhannes Birgir Guðvarðarson
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Ólafur Valdimarsson
Karen Ýr Friðjónsdóttir
Kristjana Svava Einarsdóttir
Kristján Gísli Stefánsson
Leifur Björnsson
Magnús Þorsteinsson
Mateusz G. K. Róbertsson
Sigurður Vopni Vatnsdal
Sjöfn Þórðardóttir
Stephan Ahrens
Tómas Wolfgang Meyer
Unnur Elva Arnardóttir
Þorlákur Þór Erluson
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórunn Davíðsdóttir

VR

# Kosning löggilts endurskoðanda

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reikningsárið 2026.“

VR

# Kosning félagslega kjörinna skoðunarmanna

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Þóra Skúladóttir Öfjörð og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Kristján Gísli Stefánsson."

VR

# Ákvörðun félagsgjalds

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“

VR

# Ákvörðun um laun stjórnarmanna

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að stjórnarlaun verði 85.464 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnamenn 7.172 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2026.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarfólks VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

VR

# Ákvörðun um laun skoðunarmanna

**Tillaga stjórnar VR:**

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 85.464 kr. á ári.“

# Önnur mál

# Takk fyrir!